

**Grunnskóli
Hornafjarðar
470 8400**



**6. fundur í skólaráði Grunnskóla Hornafjarðar 2017-2018
10. apríl 2018 - kl. 11:30 – 12:30
í fundarherbergi Hafnarskóla**

Fundarstjóri: Þórgunnur Torfadóttir

Fundarritari: Anna Björg Kristjánsdóttir

Mættir: Harpa Lind Helgadóttir, Sandra Rós Karlsdóttir, Anna Björg Kristjánsdóttir, Elín Magnúsdóttir, Þórgunnur Torfadóttir, Ingibjörg Guðmundsdóttir, Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir, Fjóla Jóhannsdóttir, Hildur Þórsdóttir, Steinunn Hödd Harðardóttir, Margrét Kristinsdóttir, Guðbjörg Anna Bergsdóttir.

Undir liðnum matarmál:

Herdís Waage, Ragnhildur Jónsdóttir, Kristján Guðnason, Matthildur Ásmundardóttir,

Dagskrá - ath. liður 4 var tekinn fyrir í byrjun og svo viku gestir af fundi.

1. Skóladagatal

Hugmyndum af skóladagatali dreift og farið yfir það. Fram kom að hugsanlega verði beðið um breytingu á því næsta haust ef stemning verður fyrir því að hafa skóladag 1. Des á 100 ára afmæli fullveldisins sem nú ber upp á laugardag.

2. Skólaþing – val nemenda

Niðurstöður skólaþings kynntar og þeir liðir sem nemendur kusu. Lögð verður áhersla á það í skólanum að halda þessum niðurstöðum á lofti.

3. Fjarvistir nemenda – Skólasóknarkerfi varðandi eftirfylgni. Þetta kerfi snýr að foreldrum og sagt er að hættumerki fyrir nemenda komi þegar þeir hafa verið í 9-18 daga. Þessi fjarvera hefur áhrif á líðan nemenda. Það getur verið erfitt að koma inn í hópinn og detta út úr honum í fríum.

Í tengslum við skólasókn nemenda og sem viðbót við skólasóknarkerfið sem nú þegar er til staðar í skólanum þarf stundum að skoða tilkynnt forföll, leyfi og veikind nánar.

Skólasóknarkerfið sem kynnt var skólaráði snýr að því að geta gripið fyrir inn í þegar fjarvera nemenda er óútskýrð en síðast en ekki síst að vekja athygli foreldra á því hvað fjarvistir geta snemma að hafa áhrif á líðan nemenda.

Fundarmenn ræddu hugmyndirnar en voru sammála því að þetta væri mikilvægt mál og samþykktu reglurnar. Máli verður í framhaldinu kynnt fræðslunefnd og foreldrum.

4. Matarmál – Tillögur frá vinnuhóp um matarmál í Grunnskóla Hornafjarðar

Herdís fór yfir niðurstöður matarhóps en í honum voru auk hennar Sandra Rós, Kristján Guðni, Guðrún Ásdís og Fjóla sem náði þó ekki að mæta á fund hópsins. Horft var til matarins hjá skolamatur.is og niðurstaða þessa hóps var: „að boðið væri upp á aðalrétt, hliðarrétt (vegan) og

meðlætisbar/salatbar. Einnig var hópurinn sammála um að boðið væri upp á mjólkurvörur (mjólk, smjör og ost) sem hentar þeim sem eru með mjólkuróþol eða ekki drekka kúamjólk.“ Herdís sagði frá hvernig hópurinn vann og hvaðan þeir fengu upplýsingar.

Nokkrar umræður urðu um málið. Þar kom m.a. fram að

- Huga þyrfti að matarsóun, hún væri meiri þegar maturinn er settur á borðin en ekki skammtaður og hún myndi aukast ef fjölga ætti réttum.
- Skoða þyrfti pláss fyrir salatbar, hvað ætti að vera í honum og hver ætti að sjá um að fylla á hann og fleira.
- Horfa þarf í það að þetta hafi sem minnst áhrif á verð því við viljum áfram hafa sem flesta í mat en að þetta verði samt vel gert.
- Lögð áhersla á að neysluvenjur fólks væru að breytast og þrátt fyrir misjanar skoðanir á mat þá væru flestir sammála um að grænmeti væri holt og mikilvægt að hafa gott aðgengi að því. Einnig lögð áhersla á að fræðsla um að ólíkar matarvenjur ætti að vera hluti af því að umfjöllun um fjölbreytileikann.
- Umræður að hvort sé þörf á bæði hliðarrétti og salatbar um leið eða hvort sé hægt að skoða annað hvort.

Niðurstaða fundarins var að byrja á að setja inn salatbar en að þar verði boðið upp á fjölbreytni og þá myndi hann að hluta til koma sem hliðarréttur líka. Frekari útfærsla á honum sett í hendur Ragnhildar, Kristjáns og Þórgunnar.

5. Önnur mál

- a. Myndataka verður í skólanum 17. Apríl – teknar verða myndir í 1., 2., 4., 7. Og 10. Bekk. Ath. Ljósmyndarinn vildi ekki koma fyrir færri nemendur.
- b. Siggaa Dögg kemur og ræðir við nemendur, starfsmenn og foreldra væntanlega 16. Apríl
- c. Skólahreysti – úrslitakeppni í sjónvarpssal 2. Maí.
- d. Smá umræður um Hafnarhittinginn sem er áætlaður er í maí og með þátttöku Sindra og hreyfingar.